

Ed. 592. Frumvarp til laga

um innkaupastofnun ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 66. löggjafarþingi, 1947.)

1. gr.

Ríkisstjórnin setur á stofn innkaupastofnun, sem hefur það hlutverk að annast innkaup vegna ríkisstofnana og sérstakra framkvæmda ríkisins.

2. gr.

Ríkisstjórnin ræður forstöðumann stofnunarinnar og ákveður með reglugerð starfssvið hennar.

3. gr.

Ríkissjóður leggur stofnuninni til nauðsynlegt starfsfé og er ríkisstjórninni heimilt að taka eða ábyrgjast lán í því skyni.

4. gr.

Innkaupastofnunin skal selja ríkisstofnunum vörur þær, sem hún annast innkaup á, við kostnaðarverði, að viðbættum ómakslaunum, sem svarar kostnaði við rekstur stofnunarinnar.

5. gr.

Skylt er öllum ríkisstofnunum, sem reknar eru fyrir reikning ríkissjóðs, svo og þeim, sem hafa með höndum stjórn sérstakra framkvæmda, sem kostnaðar eru af ríkissjóði, að fela innkaupastofnuninni innkaup þeirra nauðsynja, sem falla undir starfssvið hennar, nema ráðherra heimili annað. — Ákvæði þessi taka þó ekki til þeirra innkaupa, sem einkasölum ríkisins eru falin, samkvæmt lögum þar um.

6. gr.

Reikningar innkaupastofnunarinnar skulu endurskoðaðir af endurskoðendum ríkisreikninganna og birtir með þeim.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt og samið í samræmi við það, sem fram er tekið í mál-efnasamningi ríkisstjórnarinnar um, að komið skuli upp sérstakri stofnun, sem annist innkaup til ríkisstofnana.

Eins og 5. gr. frv. ber með sér, er ekki ætlað til, að ákvæði hennar taki til verzlunarstofnana ríkisins (áfengisverzlunar, tóbakseinkasölu, áburðareinkasölu, grænmetisverzlunar og viðtækjaverzlunar). Aftur á móti er gert ráð fyrir, að þau taki til sérstakra framkvæmda, sem gerðar eru fyrir ríkisfé, svo sem bygginga og annarra mannvirkja.

Að öðru leyti skýrir frumvarpið sig sjálf.